

38. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um endurskoðun nýju sálmabókarinnar.

1869.
28. apríl.

Með bréfi dagsettu 11. marzmán. þ. á. hafið þér, háæru-verðugi herra, skýrt frá, að endurskoðun sú á hinni íslenzku evangelisk-kristilegu sálmabók, sem síra Ólafi Pálssyni, prófasti og dómkirkjupresti, og síra Stefáni Thórarensen, sóknarpresti að Kálfatjörn, hefir verið falin á hendur undir umsjón og með aðstoð yðar, sè nú leidd til lykta, og að handritið sè búið undir prentun, og hafið þér þar að auki farið þess á leit, að það megi inn leiða þessa endurskoðuðu, íslenzku evangelisk-kristilegu sálmabók og hafa hana við hina opinberu guðshjónustugjörð.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið leyfir hær með, að þessi endurskoðaða sálmabók verði inn leidd og notuð við hina opinberu guðshjónustugjörð alstaðar á Íslandi, þar sem presti og söfnuði kemur saman um það.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir vesturamtíð.

5. maí.

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hafið þér, herra amtmadur, látið í ljósi í bréfi dagsettu 15. febrúarmán. þ. á. álit yðar um, hversu mikla þóknun væri hæfilegt að veita prófastinum, sem nú er í Snæfellsnessýslu, síra Sveini Nielssyni, sóknarpresti að Staðarstað, fyrir hlutdeild hans í að semja hinar árlegu verðlagsskrár fyrir vesturamtíð, og hafið þér getið þess um það efni, að þóknun þessi hafi hingað til verið misjöfn, eptir því hversu langt hafi verið á milli skrifstofu amtsins og bústaðar prófastsins, og leikið á milli 15 og 35 rd., en að því er snertir síra Svein Nielsson, þá megi hún ekki vera minni en 25 rd., því að til ferðarinnar fram og aptur milli Staðarstaðar og Stykkis-